

# Viðauki við lýsingu Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

Viðauki við lýsingu Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. sem dagsett er 19. september 2014 og birt var í tengslum við beiðni stjórnar Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. (hér eftir „Hringur“ eða „félagið“) um töku skuldabréfa útgefina af félaginu í floknum HARP 46 0217 til viðskipta á aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

**Viðauki þessi er dagsettur 30. september 2014**

Umsjónaraðili með töku HARP 46 0217 til viðskipta:  
Landsbankinn hf.



Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, en þar kemur m.a. fram að komi fram veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum.

Við birtingu þessa viðauka myndar hann órjúfanlega heild með lýsingu Hrings sem dagsett er 19. september 2014 (hér eftir „lýsingin“) og skal lýsingin höfð til hliðsjónar við lestur þessa viðauka. Skilgreiningar sem fram koma í lýsingunni skulu einnig gilda um þennan viðauka.

Í samantekt lýsingarinnar í lið B.12 eru birtar samandregnar fjárhagsupplýsingar og verulegar breytingar á fjárhagsstöðu Hrings. Fjallað er um rekstrar- og efnahagsreikning Hrings fyrstu sex mánuði ársins 2014 og fjárhagsárin 2013 og 2012 í fyrstu þremur málsgreinum liðar B.12. Fjárhæðir eru sagðar vera í m.kr. en hið rétta er að í sumum tilvikum eru fjárhæðir í þús.kr.

Í 2. mgr. liðar B.12 er rekstrartap Hrings sagt vera 1.069 m.kr. á árinu 2012, en hið rétta er að það var 1.361 þús.kr. Einnig er í sömu málsgrein sagt að hagnaður ársins 2012 hafi numið 796 m.kr., en hið rétta er að tap var á árinu 2012 að fjárhæð 796 þús.kr.

Eftirfarandi texti skal því koma í stað fyrstu þriggja málsgreinanna í lið B.12 í samantekt lýsingarinnar:

*Rekstrartap Hrings á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 nam 1.908 þús.kr. til samanburðar við 588 þús.kr. tap á sama tímabili árið 2013. Fjármagnsgjöld á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 námu 14 þús.kr. til samanburðar við 9 þús.kr. á sama tímabili árið 2013. Tap fyrstu sex mánaða ársins 2014 nam 1.923 þús.kr. til samanburðar við 597 þús.kr. tap á sama tímabili árið 2013.*

*Rekstrartap Hrings nam 1.296 þús.kr. á árinu 2013 samanborið við 1.361 þús.kr. á árinu 2012. Fjármunatekjur námu 1.092 þús.kr. á árinu 2013 samanborið við 564 þús.kr. á árinu 2012. Heildartap ársins 2013 nam 204 þús.kr. samanborið við 796 þús.kr. tap á árinu 2012.*

*Heildareignir Hrings námu 19.672 m.kr. þann 30. júní 2014 og til samanburðar 19.652 m.kr. í lok árs 2013 og 17.347 m.kr. í lok árs 2012. Eigið fé þann 30. júní 2014 var neikvætt um 2.949 þús.kr. og til samanburðar var það neikvætt um 1.026 þús.kr. í árslok 2013 og 822 þús.kr. í árslok 2012.*

## **Tilkynning til fjárfesta**

Viðauki þessi er unninn í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög. Viðaukinn hefur verið yfirfarinn og staðfestur af Fjármálaeftirlitinu.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki HARP 46 0217 til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur unnið að gerð viðaukans í samráði við ábyrgðaraðila Hrings og eru þær leiðréttingar sem fram koma í viðaukanum byggðar á upplýsingum úr árs Slutareikningi Hrings fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014 og endurskoðuðum ársreikningum árána 2013 og 2012.

## **Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra útgefanda**

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 30. september 2014

Fyrir hönd Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

Halldór Guðmundsson,

Stjórnarmaður

Auður Árnadóttir,

Framkvæmdastjóri